

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/11
komudagur 1.11.2012

Reykjavík 28. september 2012

Umsögn um "Tillögu til þingsályktunar um sókn í atvinnumálum" þskj 14 – 14. mál

Samband garðyrkjubænda sendir hér með umsögn um mál nr. 14 sem er tillaga til þingsályktunar um sókn í atvinnumálum.

Samband garðyrkjubænda er jákvætt gagnvart mörgum atriðum í þingsályktunartillögunni.

GREINAGERÐ

Samband garðyrkjubænda tekur ekki afstöðu til nokkurra mála sem nefnd eru í tillögunni en vill þó draga fram þau málefni sem garðyrkjubændur geta stutt.

Þau atriði sem rædd verða tilheyra eftirfarandi köflum:

1. Efnahags- og skattamál.
2. Landbúnaður.

Efnahags- og skattamál. Varðandi lið 1 í kaflanum þá tekur SG undir með flutningsmönnum um tillögunar um skuldameferð fyrirtækja. Einnig skal benta á að innan garðyrkjunnar eru fyrirtæki sem eiga við sambærilegan vanda að stríða og mörg fyrirtæki í dag með erfiðar skuldir. Í því sambandi verður að gæta þess að við uppgjör slíkra fyrirtækja þarf að taka tillit til þess að ekki einungis er um atvinnurekstur að ræða heldur nánast undantekningarlaust um að heimili viðkomandi bónda.

Varðandi 2. tölulið, skattaumhverfi atvinnulífsins, vill SG taka undir með flutningsmönnum að skattaumhverfi verði skoðað hér á landi. Rétt er að benda á að skattlagning fyrirtækja hefur aukist verulega á undanförunum árum og má nefna að tryggingargjald er farið að vera verulega íþyngjandi í rekstri fyrirtækja.

Landbúnaðarmál. Í kaflanum um landbúnaðarmál er aftur komið inn á rekstrarumhverfi og til að undirstrika það þá breyttist það verulega við efnahagshrunið. Ekki aðeins vegna gengisbreytinga heldur vegna aðgerða landbúnaðarráðuneytisins, sem ákvað með mánaðar fyrirvara að lækka niðurgreiðslu dreifingarkostnaðar rafmagns um 30% auk þess sem RARIK hóf eina mestu hækkunarhrinu þess sama kostnaðar og er henni nýlukið. Niðurstaðan varð sú að nú er dreifingarkostnaður rafmagns orðinn meiri en helmingur af heildar orkukostnaði fyrirtækja í garðyrkju.

Frá árinu 2005, þegar ný orkulög voru samþykkt, hefur neysluverðsvísitala hækkað um 59%. Á sama tíma hefur orkan hækkað um 30% en kostnaður við dreifingu 95% (í dreifbýli). Þess vegna getur SG heilshugar tekið undir 6. tölulið í kaflanum um landbúnaðarmál.

Samband garðyrkjubænda tekur einnig undir með flutningsmönnum að kappkosta eigi að auka innlenda framleiðslu og draga þar með úr innflutning og útstreymi gjaldeyris auk þess að skapa hér störf.

Samband garðyrkjubænda er það bæði ljúft og skylt að verða við þeirri ósk að ræða þessi mál nánar ef eftir því verður leitað.

F. h. Sambands garðyrkjubænda



Bjarni Jónsson
framkvæmdastjóri